

Alþingi Íslands  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

**Efni: Til umsagnar 257. mál frá nefndasviði Alþingis**

Öllu jafnan stama eitt prósent landsmanna og er hlutfallið hærra meðal barna og unglunga. Snertir frumvarpið þess vegna hagsmuni þeirra sem stama og hefur stjórn Málbjargar félag um stam kynnt sér efnislega frumvarpið og gert eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

Málbjörg félag um stam styður frumvarp til laga til að stofna sérhæfða þjónustumiðstöð sem annast ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Telur stjórnin að um verulega hagræðinga sé um að ræða sem tryggir rétt þeirra sem stama eða eru með annars konar talmeið að tryggður sé í lögum réttur þeirra til aðstoðar vegna sjúkleika og örorku sem stam óneitanlega sé.

Hinsvegar vonar Málbjörg félag um stam að eftirfarandi atriði sem snertir fólk með stam og önnur talmeið verði tekið til greina:

- I. Að tryggt sé jafnræði meðal skjóstaðinga þessara nýju þjónustumiðstöðar.
  - Telur stjórnin að þjónustumiðstöðin gæti eytt meiri tíma í þyngstu málaflokkana og með því gætu sumir málaflokkar s.s. talmeið orðið afgangsstærð innan stofnunarinnar.
- II. 4. gr. frumvarpsins um eftirfylgni er með mikivægustu greinum frumvarpsins og þarf heildræna umræðu í umræðustigi frumvarpsins. Í málaflokki talmeiða er skortur á talmeinafræðingum og almennum meðferðarúrræðum eftir að greiningi vegna manneklu og skorts á fjármagni.
- III. Frumvarpið tilgreinir ekki hvar þjónustumiðstöðin verður staðsett eða hvort að hún hafi starfsstöðvar.
  - Málbjörg telur brýnt að þjónustumiðstöðin sé aðgengileg fyrir alla landsmenn.

Málbjörg getur sent fulltrúa til nefndarmanna ef nánari upplýsinga eða álits sé óskað.

Fyrir hönd stjórnar Málbjargar félag um stam.

Árni Heimir Ingimundarson  
Formaður